

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2011
Tilvísun: 2011110019/50.11
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum.
140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 10 — 10. mál**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum sem lögð verður fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012, Þingskjal 10 — 10. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindrar þingsályktunartillögu og gerir ekki athugasemdir við einstaka þætti tillögunnar um að fela ríkisstjórninni að grípa til tiltekinna aðgerða í atvinnumálum sem hafi að markmiði að greiða fyrir fjölgun starfa, styðja við hagvöxt og auka velferð eins og um er rætt í þingskjalinu, að öðru leyti en snýr að mögulegri aðkomu Orkustofnunar og um er fjallað í kaflanum IX, Orkumál og orkuskipti.

Um IX. Orkumál og orkuskipti, 1. tl.

Í 1.tl. segir: „Í framhaldi af samþykkt laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða verði staðið faglega að veitingu virkjunarleyfa og stjórnvöld virði þau tímamörk sem þeim eru sett í þeim efnum.“

Orkustofnun bendir á að tillagan virðist gera ráð fyrir orsakasamhengi milli annars vegar rammaáætlunar vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða og hins vegar veitingar virkjunarleyfa, sem í raun standa sjálfstætt og óháð hvert öðru. Virkjunarleyfi og góð stjórnslásla hefur ekkert með rammaáætlun að gera sem slíka, heldur fjallar meðferð leyfisveitinga um einstaka virkjunarkosti sem óskað er leyfis fyrir í hvert sinn.

Það er mat Orkustofnunar að rammaáætlun beri að skoða sem sjálfstæða heild, þar sem reynt er að skapa jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða varðandi verndun og nýtingu. Orkustofnun gæti hafa komist að annarri niðurstöðu en þar kemur fram varðandi einstaka virkjunarkosti. Eðli málsins samkvæmt eru mestir hagsmunir fólgirnir í því, að mati Orkustofnunar, að sköpuð verði skýr framtíðarsýn um verndun og orkunýtingu eins og rammaáætlun gerir ráð fyrir og þannig verði lagður grunnur að stöðugu umhverfi fyrir atvinnuuppbyggingu á sviði orkuiðnaðar, ferðamála og annarrar landnýtingar.

Þingsályktunin gerir ráð fyrir „að ríkisstjórnin sjái til þess að staðið verði faglega að veitingu virkjunarleyfa og stjórnvöld virði þau tímamörk sem þeim eru sett í þeim efnum.“

Orkustofnun bendir á að í raforkulögum nr. 65/2003 er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka raforkuver, sbr. 1. mgr. 4.gr. Þetta vald fól ráðherra Orkustofnun með bréfi dags. 10. júlí 2008, sbr. 36. gr. laganna.

Orkustofnun bendir einnig á að hún starfar á grundvelli sérlaga sem um stofnunina gilda, þ.e. lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003. Eitt af lögbundnum verkefnum hennar er að hafa eftirlit með nýtingu á jarðrænum auðlindum, sbr. 2. grein laganna og afla gagna í því sambandi, auk þess sem iðnaðarráðherra hefur falið stofnuninni að fara með heimildir ráðherra samkvæmt ákvæðum auðlindalaga nr. 57/1998.

Orkustofnun leggur ríka áherslu á upplýsingaöflun varðandi jarðrænar auðlindir enda er það eitt af hlutverkum stofnunarinnar að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003.

Orkustofnun telur að faglega sé og hafi verið staðið að virkjanaleyfum og öðrum leyfisveitingum á valdi stofnunarinnar m.a. að teknu tilliti til hlutverks hennar samkvæmt auðlindalögum og að virtum ákvæðum stjórnsýslulaga um vandaða og faglega málsmeðferð m.a. um rannsóknarskyldu, andmælarétt og eðlileg tímamörk.

Um IX. Orkumál og orkuskipti, 4. og 5. tl.

Varðandi opinbera styrki til þeirra heimila sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar (4. tl.) og að stofnaður verði „Jöfnunarsjóður raforku“ (5. tl.), bendir Orkustofnun á að það er m.a. hlutverk hennar að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og að veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál sbr. 2. gr. 1. tl.. Það er einnig hlutverk stofnunarinnar að annast umsýslu Orkusjóðs sbr. 2. gr. 7.tl. Um Orkusjóð er fjallað í reglugerð 514/2003. Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra, en Orkustofnun fer með daglega umsýslu hans. Hjá Orkustofnun starfar orkuráð, sbr. 6. gr. laga um Orkustofnun, sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Það er mat Orkustofnunar að Orkusjóður geti annast það hlutverk sem tillagan gerir ráð fyrir eins og fjárhagur leyfir hverju sinni.

Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti frekari athugasemdir vegna þingsályktunar um sókn í atvinnumálum.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen -


Harpa Þórunn Pétursdóttir